

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 7. tbl. 12. árg. september 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Í kjölfar kynningar á áhrifum nýrra persónuverndarlaga á skólastarf sem fram fór á kynningarfundum haustsins eru hér áréttuð nokkur atriði sem snúa að foreldrum og öðrum gestum sem kunna að eiga erindi í skólann.

- Allir gestir hvort sem það eru foreldrar eða aðrir eru beðnir um að láta vita af sér hjá riturum þegar þeir koma.
- Tíðir gestir skrifa undir trúnaðarskjal.
- Starfsfólk skólans mun nánast hætta notkun á facebook í starfi sínu og ekki birta myndir af nemendum á facebook síðu bekkjanna. Það verður aðeins til að láta vita af viðburðum, tímasetningum eða öðru sem ekki telst til persónulegra upplýsinga sem facebook verður notað.
- Við minnum sérstaklega á að persónuverndarlögin eru fyrst og fremst til að vernda friðhelgi einstaklingsins og því biðjum við foreldra og aðra gesti um að **halda út af fyrir sig því sem þeir kunna að sjá eða heyra innan skólans.**

Munið **hjálmm á kollinn fyrir alla**. Það er flott að vera með hjálm og hann verndar vel ef við lendum í óhappi.



## *Er barnið þitt í öruggum höndum?*

**Foreldrafræðsla um kynferðisofbeldi á börnum á vegum Blátt áfram fyrir foreldra barna á öllum aldri.**

Í Nýheimum fimmtudagskvöldið 4. október frá 20:00-22:00

## **Heimanámsaðstoð / Homework assistance / Pomoć pri rješavanju domaćih / Pomoc w pracy domowej**

### **Heimanámsaðstoð fyrir nemendur grunnskólans**

Í vetur verður boðið upp á heimanámsaðstoð á bókasafninu í Nýheimum fyrir alla nemendur grunnskólans. Verkefnið er samvinna Rauða krossins, fjölmenningsfulltrúa sveitarfélagsins, Grunnskóla Hornafjarðar og Menningarmiðstöðvarinnar. Aðstoðin mun bjóðast alla þriðjudaga frá kl. 14:30 – 15:30. Á staðnum verða kennari frá grunnskólanum, sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum ásamt verkefnastjóra fjölmenningsar. Markmiðið er að styrkja og styðja nemendur í námi ásamt því að skapa flöt til félagslegra samskipta í notalegu og rólegu andrúmslofti. Foreldrar og forráðamenn eru velkomnir en þátttaka þeirra er ekki skilyrði. Boðið verður upp á ávaxtabita og vatn áður en hafist er handa við heimanámið og þjónustan er að sjálfsögðu ókeypis.

### **Homework assistance for elementary school children**

This winter, homework support will be offered at the library in Nýheimar for all students of the elementary school. The project is a collaboration between the Red Cross, the municipality of Hornafjörður, the elementary school and the cultural center. The assistance will take place every Tuesday from 14:30 - 15:30. A teacher from the elementary school, volunteers from the Red Cross and the project manager of multicultural affairs will be there to assist the kids. The goal is to provide educational support as well as creating a platform for social connection in a calm atmosphere. Parents and guardians are welcome but their participation is not required. The students will be offered fruit and water before we get started and the service is of course free of charge.



### **Pomoć pri rješavanju domaćih zadataka za sve učenike osnovne škole (króatíska/serbneska/bosníska)**

Za sve đake osnovne škole, ove zime, u biblioteci u Nyhemáru biti će organizovana pomoć pri rješavanju domaćih zadataka. Ovaj projekt je ostvaren saradnjom Crvenog Krsta, opštine Hörnafjörður, osnovne škole i Centra kulture. Svakog utorka u razdoblju od 14:30- 15:30 učitelj iz osnovne škole, volonteri Crvenog krsta i projekt menadžer za strance će biti prisutni kako bi pomogli djeci. Cilj je pružiti obrazovnu podršku kao i stvaranje platforme za društvenu vezu u mirnoj atmosferi. Roditelji i staratelji su dobrodošli, no njihovo učestvovanje nije obavezno. Prije početka rada učenicima će biti ponuđeno voće i voda. Usluga je besplatna za sve korisnike.

## **Pomoc w pracy domowej dla dzieci w wieku szkolnym (pólska)**

Tej zimy, wszystkim uczniom szkoły podstawowej, oferujemy pomoc w odrabianiu zadań domowych w bibliotece w Nyheimar. Projekt jest rezultatem współpracy Czerwonego Krzyża, gminy Hornafjörður, szkoły podstawowej i centrum kulturalnego. Pomoc będzie dostępna w każdy wtorek od godziny 14:30 do 15:30. Nauczyciel ze szkoły podstawowej, wolontariusze z Czerwonego Krzyża i kierownik projektu ds. wielokulturowości będą tam aby asystować dzieciom w pracach domowych. Celem jest zapewnienie wsparcia edukacyjnego, jak również stworzenie platformy do nawiązywania kontaktów społecznych w spokojnej atmosferze. Rodzice i opiekunowie są mile widziani, ale ich udział nie jest wymagany. Przed rozpoczęciem uczniowie zostaną poczęstowani owocem i wodą. Usługa jest oczywiście bezpłatna.

## **Plastlaus september**

Grunnskóli Hornafjarðar hefur tekið þátt í áttakinu *Plastlaus september*. Tilgangur áttaksins er að vekja athygli á hversu mikið plast við notum í daglegu lífi en plast er mjög lengi að brotna niður í náttúrunni og mengar umhverfið. Markmið skólans er að hvetja nemendur og starfsfólk skólans til að skila öllu plasti í endurvinnsluna en ekki síður að draga úr plastnotkun t.d með því, afþakka rör, nota margnota poka eða bakpoka í stað plastpoka og svo má lengi telja. Starfsfólk skólans ræddi hvað það gæti gert til þess að taka þátt í áttakinu sú umræða hefur líka farið fram með nemendum. Auk þess fór Guðlaug Úlfarsdóttir með fyrirlestur um skaðsemi plastics inn í eldri bekki skólans. 13. september tóku nemendur þátt í Alheimshreinsunardeginum með því að fara út og tína rusl, flokka og vigta. Þótt að áttakið nefnist *Plastlaus september* stefnir umhverfisnefnd skólans á að halda áfram að hvetja bæði starfsfólk og nemendur til þess að draga úr eigin plastnotkun. Fyrir áhugasama er hægt að skoða vefsíðuna: [www.plastlausseptember.is/](http://www.plastlausseptember.is/)



## **Skólasókn**

Við biðjum foreldra að fylgjast vel skólasókn barna sinna. Það að missa úr skóla jafnvel bara í nokkra daga getur haft mikil áhrif bæði á nám og félagsleg samskipti barna. Þá skiptir ekki máli hvort barnið er veikt eða í

leyfi. Í flestum tilfellum þurfa börnin einhverja aðstoð til að halda í við félagana eftir fjarveru og mikilvægt að foreldrar séu vel vakandi yfir stöðunni. Þegar 20 skóladagar voru liðnir höfðu tæp 10% nemenda verið ¼ hluta skólatímans (5 daga eða fleiri) fjarverandi. Þessir nemendur og fleiri til þurfa aðstoð til að halda dampi.

*Árshátíð skólans*  
*í íþróttahúsinu 24. okt. kl. 17:00.*  
*Spennandi dagskrá – takið tímann frá 😊*

**Matseðill í október**

- 1.okt. Ofnbakaður fiskur með raspi.
- 2.okt. Kjötbúðingur með kartöflumús.
- 3.okt. Fiskréttur kokksins.
- 4.okt. Pastaréttur með kjúkling og hvítlauksbrauði.
- 5.okt. Rjómalöguð blómkálssúpa brauð.

- 8.okt. Steiktur fiskur með kartöflum.
- 9.okt. Skólabjúgu með kartöflum og jafningi.
- 10.okt. Fiskibollur með lauksósu.
- 11.okt. Vínarsnitsel með brúnni sósu.
- 12.okt. Kjötsúpa.

- 15.okt. Nætursaltaður fiskur með rúgbrauði.
- 16.okt. Blóðmör, lifrapylsa, kartöflumús.
- 17.okt. Ofnsteiktur fiskur með smjöri.
- 18.okt. Kjúklingaborgari.
- 19.okt. Hrísgjónagrautur.

- 22.okt. Steiktur fiskur með kartöflum.
- 23.okt. Lambasnitsel í raspi.
- 24.okt. Fiskibúðingur með karrýsósu.
- 25.okt. Hakk og spaghetti.
- 26.okt. Súpa, brauð og álegg.

- 29.okt. Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 30.okt. Lambasteik með brúnni sósu.
- 31.okt. Steikt rauðspretta með smjöri.



**Salatbar í hádeginu  
mánudaga - fimmtudaga**

***Ferðumst með eigin orku – göngum eða hjólum í skólann.***  
**Með því eflum við andlega og líkamlega heilsu og stuðlum að hreinna og heilbrigðara umhverfi.**  
**Ábyrgðin er okkar**